

Rannsóknir Vegagerðarinnar 2008


Umferðaröryggi á hálendinu: Kárahnjúkavegur

Þátttakendur: Guðmundur Freyr Úlfarsson (verkefnisstjóri), Háskóli Íslands; Þórarinn Hjaltason, Áki Thoroddsen, Kristjana Erna Pálsdóttir, Almenna Verkfræðistofan hf.

Verkefnið

Í umræðu um vegagerð á hálendinu, þ.e. gerð vega sem nýta mætti stærri hluta ársins eða jafnvel allt árið, skiptir umferðaröryggi nokkru máli. Má telja að veður og færð hafi þar mikil áhrif en einnig, ef vegir eru gerðir aðgengilegri má búast við aukinni umferð, og þá sér í lagi aukinni umferð bifreiða sem eru ver útbúnar fyrir hálendisferðir auk meiri fjölda ökumanna sem eru óvanir slíkum akstri.

Kárahnjúkavegur hefur þá sérstöðu að vera tiltölulega langur heilsársvegur inn á hálendið þar sem verið hefur mikil umferð á síðustu árum. Í raun er um tvo aðskilda vegkafla að ræða, Kárahnjúkavegur sem er í eigu Landsvirkjunar og er ekki með vegnúmer og svo Fljótsdalsheiðarvegur sem er hluti af veginum Austurleið í gagnasafni Vegagerðarinnar og er vegur nr. 910, kaflar 10, 11, 12, (Mynd 1).



Mynd 1: Kárahnjúkavegur og Fljótsdalsheiðarvegur

Þessi vegur varð fyrir valinu sem fyrsti vegurinn til að kanna umferðaröryggi hálendisvega vegna þess að vegurinn hefur verið nýttur sem heilsársvegur og þar hefur verið töluverð umferð, m.a. af ökumönnum sem ekki hafa verið vanir veginum eða hálendisakstri. Vissulega hafa margar af þeim ferðum verið tengdar framkvæmdum við stíflugerð og eru því ekki að fullu sambærilegar við umferð ferðafólks.

Lýsing vegar

Kárahnjúkavegur liggur frá Desjárstíflu að Laugarfelli, um 23,5 km, þar tekur Fljótsdalsheiðarvegur við og liggur að Bessastöðum, um 40 km. Vegurinn er malbikaður og af vegflokki C2, með leyfilegan hámarkshraða 90 km/klst. Við almenna yfirferð hönnunargagna virðist sem vegurinn sé almennt góður, aflíðandi og laus við krappar beygjur. Helsta undantekning frá þessu er Bessastaðabrekka þar sem eru sjö krappar beygjur og beygjuradíus fer niður í 20 m í sumum þeirra. Alvarlegt rútuslys átti sér stað í þessari brekku, 26. ágúst 2007. Við Bessastaðaá er beygja með radíus 120 m, og hönnunarhraða 60 km/klst.

Umferðaróhöpp

Við öflun gagna um umferðaróhöpp fást munnlegar lýsingar, af óhöppum sem hafa átt sér stað á Kárahnjúkavegi og tengjast framkvæmdum þar. Í verkefninu verða slík slys tekin saman og sagt stuttlega frá þeim. Aðal áherslan á umferðaröryggi verður á Fljótsdalsheiðarveg þar sem óhöpp hafa verið skráð í slysaskrá Umferðarstofu á staðlaðan hátt og eru því tæk til frekari greiningar. Einnig, þá er við austur enda Fljótsdalsheiðarvegar umferðarteljari sem veitir gögn um árdagsumferð, sumardagsumferð, og vetrardagsumferð um veginn. Það má ekki búast við að sú umferð nái öll inn á Kárahnjúkaveg. Tafla 1 sýnir árdagsumferð og umferðaróhöpp á árunum 2004-2007 á Fljótsdalsheiðarvegi.

Tafla 1: Árdagsumferð og umferðaróhöpp á Fljótsdalsheiðarvegi.

				2004	2005	2006	2007
Vegur 910	Kafli 12	Austurleið	ÁDU:	186	172	239	218
Fjöldi óhappa á köflum 10,11,12		Engin meiðsl		2	0	8	9
		Lítill meiðsl		0	0	5	2
		Mikil meiðsl		0	0	1	4
		Banaslys		0	0	0	0

Staða rannsóknar

Rannsókninni er ekki lokið. Verið er að fara yfir umferðaróhöppin til að greina helstu orsakir þeirra og tegundir. Til eru hnit fyrir óhöpp ársins 2007 og verða óhöppin staðsett og vegtæknileg atriði þeirra staða könnuð.

Þakkir

Verkefnið er styrkt af Vegagerðinni. Gögn fengust frá Vegagerðinni, Landsvirkjun, Umferðarstofu, Verkfræðistofu Austurlands og VST.